



ÍSAFJARÐARBÆR

Matvælaráðuneytið  
Skrifstofa sjávarútvegs  
Bt. Jón Þrándur Stefánsson  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Ísafjörður, 26. júní 2023  
Málsnr. 2022120086

**Efni: Beiðni Ísafjarðarbæjar um breytingu á vinnsluskyldu í byggðarlagi, sbr. auglýsingu nr. 454/2023**

Með bókun bæjarstjórnar þann 5. janúar 2023, í kjölfar umsagnarbeiðnar ráðuneytins um tillögur um sérreglur byggðakvóta fyrir Ísafjarðarbær, voru lagðar til breytingar á reglugerð nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Bæjarstjórn samþykkti tillögu um breytingu á 1. ml. 1. mgr. 6. gr. rgl. á þann hátt að ákvæðið yrði eftirfarandi: „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflinn sé unnin innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.“

Eftir meðferð málsins í ráðuneytinu samþykkti matvælaráðherra sérstakar reglur fyrir Ísafjarðarbæ, sbr. auglýsingu 454/2023, um (3.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023, þó þannig að tillögu að síðastnefndu málsgreininni (sjá undirstrikað), um heimild til vinnslu innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta, var hafnað.

Í kjölfar samskipta bæjarstjóra við ráðuneytið, barst Ísafjarðarbær erindi ráðuneytisins, dags. 25. júní 2023, þess efnis að berist erindi frá sveitarstjórn þar sem farið er fram á breytingu á vinnsluskyldu í byggðarlagi þá muni ráðuneytið skoða slíkt mál.

**Með erindi þessu fer Ísafjarðarbær fram á breytingu á ofangreindri auglýsingu nr. 454/2023, hvað varðar sveitarfélagið, á þann hátt að 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.“**

Nauðsyn þessarar breytingar er sú að ekki er vinnsla í öllum byggðalögum Ísafjarðarbæjar sem getur tekið við þeim afla sem úthlutað hefur verið til viðkomandi byggðarlags. Til að mynda er ekki til staðar fiskvinnsla á Flateyri og ljóst er að sá byggðakvóti sem úthlutað hefði verið til Flateyrar á þessu fiskveiðiarí myndi ekki nýtast, að óbreyttum reglum, og „brenna inni“. Þar auki er einungis rækjuvinnsla á Ísafirði, en rækju hefur verið landað í öðrum byggðalögum og flutt til vinnslu á Ísafirði.



Vegna þessara staðbundnu, málefnalegu og rökstuddu ástæðna er nauðsynlegt að breyta reglunum hvað varðar Ísafjarðarbæ og byggðalög sveitarfélagsins, og heimila vinnslu innan sveitarfélagsins, í stað byggðalagsins.

Þá skal horft til þess að ráðuneytið hefur víða um land heimilað að afli sem telja á til byggðakvóta til vinnslu verði utan byggðarlags, en innan sveitarfélags, s.s. í Langanesbyggð, Árborg og Skagafirði, sbr. auglýsingu nr. 454/2023. Með vísan til jafnræðissjónarmiða telur Ísafjarðarbær rétt að það sama gildi í máli þessu.

Að lokum er vísað til þess að höfnun ráðuneytisins á ofangreindum tillögum Ísafjarðarbæjar er breyting frá fyrri samþykktum ráðuneytisins á tillögum bæjarstjórnar, og telst breyting á túlkun ráðuneytisins á ákvæðum laga og reglna málaflokksins. Hefði með rétttri og góðri stjórnarsýslu átt að tilkynna sveitarfélaginu um breytta túlkun og meðferð laganna, ef horft er til leiðbeiningarskyldu ráðuneytisins.

Þá kemur fram í 6. lið um málsmeðferð ráðuneytisins í Leiðbeiningum vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022/2023, sem sent var Ísafjarðarbæ þann 15. desember 2022, að í kjölfar tillagna sveitarstjórnar meti ráðuneytið hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu. Með vísan til ofangreinds um breytta túlkun ráðuneytisins, telur Ísafjarðarbær að ráðuneytið hefði með réttu átt að tilkynna sveitarstjórn um fyrrgreinda breytingu á túlkun og gefa sveitarstjórn færi á að bregðast við. Telur Ísafjarðarbær þó að sú málsmeðferð yrði leiðrétt taki ráðuneytið erindi þetta til greina og samþykki þá breytingu sem nú er lögð til.

Til staðfestingar beiðnar þessarar er meðfylgjandi erindi þessu fundargerð bæjarráðs, þann 26. júní 2023, þar sem tekið er fyrir 5. mál á dagskrá, varðandi byggðakvóta fiskveiðiárið 2022-2023:

Bæjarráð, sem fer með fullnaðarákvörðunarvald í sumarleyfi bæjarstjórnar, sbr. 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp, samþykkti tillögu bæjarstjóra um að fara fram á það við ráðuneytið að breyting yrði gerð á 1. ml. 1. mgr. 6. gr. rgl. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023, og verði eftirfarandi:

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.“

**Óskað er staðfestingar ráðuneytisins á móttöku erindisins, og niðurstöðu málsins með skriflegum hætti.**